

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

#### Dómsorð:

1. Lýsi telst til þeirra afurða, sem matsnefnd samkvæmt 14. gr. frammannefnds samnings metur, hvort tekid hafi verðbreytingum.

2. Aflaverðlaun af saltfiski, sem veginn er upp úr skipi í erlendri höfn, skulu miðast við heildarsöluverð hans þar.

Stefndi, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, greiði stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands, kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 30. nóvember 1951.

Nr. 12/1951: **Alpýðusamband Íslands f. h.**

**Félags íslenzkra rafvirkja**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.**

**Félags löggiltra rafvirkjameistara**

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

#### Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alpýðusambandi Íslands f. h. Félags íslenzkra rafvirkja gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Félags löggiltra rafvirkjameistara með stefnu, dags. 27. sept. s.l. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að 2. gr. í kjarasamningi aðilja, dags. 9. marz 1948 með síðari framlengingum og breytingum, sé rétt skilin og framkvæmd þannig, að félagsmönnum í Félagi löggiltra

rafvirkjameistara sé skylt að greiða félagsmönnum í Félagi ísl. rafvirkja, er hjá þeim vinna, dagvinnukaup fyrir 48 klst. vinnuviku, ef þeir mæta til vinnunnar réttstundis og eru ekki ráðnir til ákveðins tíma — þó þannig, að til frádráttar komi þeir helgidagar, sem tilgreindir eru í 3. gr. samningsins.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara, að 2. gr. framangreinds kjarasamnings milli aðilja sé rétt skilin og framkvæmd þannig, að félagsmönnum í Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík skuli því aðeins skylt að greiða félagsmönnum í Félagi ísl. rafvirkja, er hjá þeim vinna, dagvinnukaup fyrir 48 klst. vinnuviku, ef þeir mæta réttstundis og eru ekki ráðnir til ákveðins tíma, að ekki hafi verið um annað samið milli þeirra meistara og sveina, er hlut eiga að máli, enda komi til frádráttar þeir helgidagar, sem tilgreindir eru í 3. gr. samningsins. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 9. marz 1948 undirrituðu aðiljar máls þessa samning um kaup og kjör, og er 12. gr. samningsins svohljóðandi:

„Uppsagnarfrestur af beggja hálfu, meistara og sveina, skal vera einn mánuður. Þegar rafvirkjar eru ráðnir til ákveðins tíma þarf ekki uppsagnarfrest, nema rafvirkinn hafi unnið 4 vikur eða lengur samfleytt.“

Í 2. gr. sama samnings segir svo:

„Vegna niðurfelldra kaffitíma, sem unnir eru, telst vinnuvikan 48 klst. o. s. frv.“

5. gr. þessa sama samnings hljóðar svo:

„Mæti sveinn ekki til vinnu á réttum tíma, eins og samningur þessi segir til um, án þess að óviðráðanlegar orsakir liggi til, eða ef samkomulag er milli sveins og meistara um annað í hverju tilfelli, er meistara heimilt að draga frá launum sveinsins 50% af kaupverði hinna vanræktu vinnustunda þannig, að byrji hann t. d. ekki vinnu fyrr en kl. 9 í stað kl. 8 greiðist honum ekki nema frá kl. 9.30 þann dag. Fjarvera frá vinnu hálfan dag eða meira gefur þó ekki rétt til frádráttar á kaupi með 50% álagi.“

Enn segir svo í 6. gr.:

„Þegar unnið er utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, skulu þær reglur gilda um dagvinnu, eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu, kaffi- og matarhlé, sem samningur þessi tiltekur.

Á leið til ákvörðunarstaðar skal greitt samkvæmt 1. gr. samnings þessa fyrir alla þá tíma, sem verið er í ferðalagi, sem farið er landveg eða loftleiðis. Sé farið sjóleiðis greiðist dagvinnukaup samkvæmt 1. gr. fyrir hvern dag meðan á ferðinni stendur, þó einungis fyrir þann stundafjölda, sem til dagvinnu telst.

Sama gildir um heimferð.

Falli vinna niður sökum veðurs, efnisskorts eða annarra orsaka, er sveinninn á ekki sök á, greiðist fullt dagvinnukaup.

Ef farið er sjóleiðis að næturlagi, skal félagsmanni séð fyrir hvílu. Þá skulu menn og hafa fríar ferðir, húsnæði og fæði á staðnum.“

Framangreindum samningsákvæðum hefur ekki verið breytt síðan og standa þau þannig í núgildandi kjarasamningi málsaðilja.

Ákvæði framangreindrar 12. gr. samningsins um uppsagnarfrestinn voru tekin upp í samninga aðilja þegar þeir sömdu árið 1946. Um þær mundir var næg atvinna í rafvirkjáiðninni. Kveður stefndi, að það hafi þá verið títt og alvanalegt, að rafvirkjar hyrfu fyrirvaralaust úr þjónustu meistara sinna, og því hafi meistarar beitt sér fyrir ákvæðinu um eins mánaðar uppsagnarfrest af hálfu rafvirkjanna. Stefndandi hefur ekki andmælt því, að ákvæði þetta sé komið frá meisturunum, en kveðst hafa samþykkt það með því skilyrði, að rafvirkjar fengju þá sama rétt gagnvart rafvirkjameisturunum, þ. e. tryggingu fyrir því, að fastráðnum sveinum yrði ekki sagt upp með skemmri fyrirvara en einum mánuði, eins og ákvæði greinarinnar sýnir. Ekkert liggur fyrir um það, hvað milli aðilja hefur þá farið um það, hvað felast ætti í samningsákvæði þessu, og er ekki að sjá, að til neins ágreinings hafi komið milli þeirra út af þessu ákvæði á árunum 1946—1949, enda eru þá yfirleitt fyrir hendi næg verkefni í rafvirkjáiðninni.

En þegar kemur fram á árið 1950 fer að verða vart við verk-efnaskort. Jafnframt kemur í ljós, að aðiljar eru ekki sammála um það, hvernig skilja beri ákvæði 12. og 2. gr. samningsins, þær sem að framan greinir. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að félagsmenn hans hafi frá upphafi framkvæmt þessi samningsákvæði svo, að rafvirkjarnir fengju því aðeins greitt kaup, að vinna væri fyrir hendi, án tillits til þess, hvort þeim hefði verið sagt upp með áskildum fyrirvara. Stefnandi telur hins vegar, að hann hafi strax og tilefni gafst til haldið því fram, að með framangreindum samningsákvæðum væri fastráðnum sveinum tryggt kaup fyrir 48 stunda vinnuviku, án tillits til þess, hvort verkefni væru fyrir hendi hjá rafvirkjameisturunum, og hafi hann aldrei hvikað frá þeirri skoðun sinni í viðskiptum sínum við stefnda.

Af gögnum málsins sést, að stefnandi hefur haldið þessu fram í bréfi til h/f Seguls hinn 11. júní 1950, og samkvæmt skýrslum fyrirsvarsmanna aðilja er ljóst, að þeim hefur hvor-um um sig verið kunn afstaða hins til þessa máls í september 1950. Þá stóð svo á, að rafvirkjar höfðu, samkvæmt tilmælum Alpýðusambands Íslands, sagt upp gildandi kjarasamningi. Var sú uppsögn einn liður í viðleitni sambandsins til þess að fá hærri verðlagsuppbætur, en þá voru greiddar. Eftir að samningar höfðu tekizt um þau mál og til þess kom, að aðiljar máls þessa skyldu endurnýja samninga sína, vildu rafvirkjameistarar því aðeins endurnýja þá, að upphaf 2. gr. væri orðað svo:

„Sé vinna fyrir hendi hjá meistara telst vinnuvika 48 stund-ir og skiptist o. s. frv.“

Þessu höfnuðu rafvirkjarnir algerlega og eftir nokkurt þóf féllu rafvirkjameistarar frá kröfu sinni um breytingu og voru hinir eldri samningar síðan undirritaðir óbreyttir að þessu leyti hinn 21. sept. 1950, eftir að rafvirkjarnir höfðu boðað til verkfalls. Eftir þessa samningsgerð virðast rafvirkjar enn sem fyrr halda fram þeirri skoðun, að kjarasamningurinn feli í sér 48 stunda kauptryggingu hverja viku, því hinn 1. febr. þ. á. ritar stefnandi Raftækjavinnustofunni Norðurljósi bréf, þar sem þessari skoðun er haldið fram.

Aðiljar máls þessa tóku báðir þátt í hinum almennu kaup-

deilum, sem áttu sér stað í s.l. vori milli vinnuveitenda og launþega, og eftir að heildarsamtök nefndra aðilja höfðu komizt að samkomulagi, framlengdu aðiljar máls þessa hinn 21. maí s.l. hinn eldri samning sinn fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins, og það án þess að gerðar væru nokkrar breytingar á þeim ákvæðum hans, sem um er deilt hér. Munu aðiljar alls ekki hafa ræðst við í þetta sinn, hvorki um þessi atriði né önnur, en látið við þær breytingar sitja, sem heildarsamtök vinnuveitenda og launþega komu sér saman um.

Ágreiningurinn um 48 stunda vikulega vinnuþryggingu var þó enn fyrir hendi, því hinn 16. júlí s.l. ritar stefnandi stefnda svohljóðandi bréf:

„Að undanfögnu hefur það komið fyrir, að rafvirkjameistarar í félagi yðar hafa ekki greitt rafvirkjum samkvæmt samningi félags vors við yður, þ. e. þeir hafa ekki fengið greiddar 48 klst. á viku, þótt þeir hafi mætt til vinnu. En eins og yður er kunnugt gerir fyrrnefndur samningur ráð fyrir því, að greiða skuli fulla vinnuviku með 48 klst. svo lengi sem viðkomandi rafvirkja hefur ekki verið sagt upp vinnu sinni með a. m. k. eins mánaðar fyrirvara, sbr. 12. gr. samningsins.

Vér höfum oft áður látið í ljós okkar skilning á þessu atriði samningsins við yður og einstaka meðlimi félags yðar og mótmælt þessum vanefndum á samningnum, sbr. það sem að framan segir. Viljum vér hér með enn einu sinni gera þá kröfu til yðar, að þér hlutist til um, að meðlimir félags yðar greiði rafvirkjum kaup samkvæmt gildandi samningi, þ. e. 48 klst. á viku, að öðrum kosti teljum vér, að ekki muni verða hjá því komizt að gera félag yðar og einstaka meðlimi þess ábyrga vegna brota á gildandi samningi.

Væntum vér heiðraðs svars yðar fyrir 20. þ. m.“

Þessu bréfi svaraði stefndi hinn 30. s. m. og segir þar m. a. svo:

„Ákvæði um 48 stunda vinnuviku merkja einungis það hámark á dagvinnutíma, sem rafvirkjameistarar eiga rétt á að fá unninn á venjulegu dagvinnukaupi, enda sé vinnan framkvæmd á þeim tímum dagsins, sem um getur í 2. gr. samnings vors við yður.

Með vísun til framanritaðs leyfum vér oss að mótmæla skilningi þeim, er fram kemur í áður ívitnuðu bréfi til vor, dags. 16. júlí s.l.“

Samkomulag náðist ekki milli aðilja um ágreining þenna og höfðaði þá stefnandi mál þetta, svo sem að framan greinir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á þeim rökum, að ljóst sé af ákvæðum sammingsins sjálfs, að rafvirkjar eigi samkvæmt 2. gr. og 12. gr. framangreinds sammings rétt til kaups minnst 48 stundir á viku hverri, að frádregnum þeim helgidögum, sem taldir séu í 3. gr. Telur hann, að stefndi hafi beinlínis viðurkennt þenna skilning í sambandi við sammingsumleitanir þær, sem fram fóru í september 1950 og að framan er lýst, er hann féll frá kröfu sinni um breytingu á orðalagi 2. gr. Stefnandi kveður, að á árinu 1950 hafi farið að berast kvartanir frá rafvirkjum um það, að þeir fengju ekki kaup fyrir 48 stunda vinnuviku, ef verkefni væru ekki fyrir hendi. Hafi hann þá strax mótmælt þeim skilningi einstakra rafvirkjameistara og rafvirkjameistarafélagsins á þeim ákvæðum kjarasammings aðilja, sem hér er um að ræða, og æ síðan, er tilefni gafst, fylgt fram þeirri skoðun sinni.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að oftnefnd sammingsákvaði feli í sér skuldbindingar af hálfu rafvirkjameistaranna um það, að greiða rafvirkjum kaup fyrir 48 stunda vinnuviku. Telur hann, að ákvæði kjarasammingsins um uppsagnarfrest taki aðeins til þess, að meistari megi ekki láta rafvirkja hætta vinnu án uppsagnar, ef verkefni sé fyrir hendi. Þá heldur stefndi því og fram, að í 5. gr. sammingsins, sem rakin er hér að framan, felist heimild til þess, að rafvirkjar og meistarar geti samið um það sín á milli, hve langur vinnutíminn skuli vera. Einnig telur hann, að af ákvæðum framangreindrar 4. mgr. 6. gr. sama sammings verði að álykta, að rafvirkjar eigi ekki rétt til kaups heima fyrir, ef verkefni séu ekki fyrir hendi þar. Enn mótmælir stefndi því eindregið, að framkoma rafvirkjameistaranna við samningaumleitanirnar í september 1950 hafi falið í sér nokkra viðurkenningu af þeirra hálfu á því, að þeir féllust á sjónarmið stefnanda um 48 stunda lágmarksvinnu. Kveður hann, að meistararnir hafi aðeins með þessu látið í ljós, hvaða skoðun

þeir höfðu á samningsákvæðum þeim, sem um er deilt. Loks heldur stefndi því ákveðið fram, að stefnandi hafi í verki viðurkennt skilning meistaranna, því samningurinn hafi af hálfu rafvirkjameistaranna alla tíð verið framkvæmdur á þá lund, að rafvirkjum hafi því aðeins verið galdið kaup, að verk-efni væru fyrir hendi. Þetta hafi stefnandi hlotið að vita og geti því ekki nú gert kröfu um gagnstæða framkvæmd.

Stefnandi mótmælir því, að heimilt sé að draga þá gagn-ályktun af ákvæðum 4. mgr. 6. gr. um utanbæjarvinnu, að rafvirkjameistarar þurfi ekki að greiða kaup heima fyrir, ef verkefni séu ekki fyrir hendi. Þá neitar hann því ákveðið, að nokkur heimild felist í 5. gr. samningsins til þess, að rafvirkjum og meisturum sé rétt, þrátt fyrir ákvæði 2. og 12. gr., að semja um það, að vinnuvikan skuli vera styttri en 48 stundir. Telur stefnandi, að ákvæði 5. gr. eigi aðeins við um það, ef rafvirkjar mæti ekki stundvíslega til vinnu. Þá neitar stefnandi því ákveðið, að hafa í verki viðurkennt skilning stefnda og staðhæfir, að hann hafi ætíð haldið fast við framangreindan skilning sinn á samningsákvæðum þeim, er hér ræðir um, í hvert sinn, sem tilefni gafst.

Þegar litið er til hinna gagnkvæmu uppsagnarákvæða 12. gr. oftnefnds samnings málsaðilja og upphafsákvæða 2. gr. sama samnings um 48 stunda vinnuviku, þykir ekki unnt að skýra þau á annan veg en þann, að með þeim sé þeim félagsmönnum stefnda, sem kröfu eiga til eins mánaðar uppsagnarfrests, tryggður réttur til 48 stunda dagvinnukaups vikulega, ef þeir mæta réttstundis til vinnu sinnar. Verður ekki fallizt á þá staðhæfingu stefnda, að 5. gr. samningsins feli í sér heimild til frávika frá þessari reglu, því telja verður, að 1. mgr. hennar geymi aðeins ákvæði um það, hverju það geti varðað, ef sveinn mætir ekki réttstundis til vinnu sinnar, og að sveinn og meistari geti samið um þess háttar fyrirkomulagsatriði. Ekki verður heldur talið, að ákvæði 6. gr. samningsins, sem fjallar um þær sérstöku starfsaðstæður, sem fyrir hendi eru, þegar unnið er utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, geti haggað framangreindri niðurstöðu um skilning á ákvæðum 2. og 12. gr. hans.

Þá kemur til álita sú staðhæfing stefnda, að framkvæmd

umdeildra samningsákvæða hafi alltaf verið með þeim hætti, sem stefndi heldur fram, og að stjórn stefnanda hafi látið afskiptalaust, þótt henni hlyti að hafa verið kunnugt um það, að sveinar fengju ekki kaup fyrir 48 stundir vikulega, ef verkefni voru ekki fyrir hendi.

Af því sem að framan er rakið um viðskipti aðilja í september 1950, hlaut stefnda á þeim tíma að vera fullkunnugt, að stefnandi taldi félagsmenn sína eiga rétt til 48 lágmarks-vinnustunda vikulega, og er ekkert komið fram, sem bendi til þess, að stefndi hafi þá mátt gera ráð fyrir því, að stefnandi mundi falla frá þeim skilningi sínum á samningnum.

Stefndi hefur lagt fram nokkuð af vinnulistum frá ýmsum rafvirkjameisturum, sem benda til þess, að ýmsir sveinar hafi ekki, á árunum 1949—1951, fengið kaup fyrir 48 stundir vikulega. Viðræður aðilja í september 1950 leiða til þess, að vinnulistar fyrir þann tíma koma hér ekki til álita, og hvað viðkemur vinnulistum eftir þann tíma, þá brestur, gegn mót-mælum stefnanda, sönnur fyrir því, að það hafi eingöngu staftað af verkefnaskorti, að vikulegar vinnustundir urðu færri en 48. Hins vegar er ljóst af bréfi því, sem stefnandi ritaði rafvirkjameistarafirmanu Norðurljósi 1. febrúar 1951, að afstaða hans er enn hin sama, og af framangreindum bréfum aðilja frá því í s.l. júlímánuði má ráða, að aðiljar hafi á þessu tímabili ræðst við um þetta deilumál, og hvor um sig haldið fram sínum skoðunum. Verður ekki talið, að stefnandi hafi í verki samþykkt skilning stefnda á ákvæðinu um 48 stunda vinnuviku.

Eins og að framan greinir, er það upp komið, að aðiljar muni ekki hafa talast neitt við um þessi atriði, er samningar þeirra voru framlengdir í maí s.l., og verður ekki talið, að þeir hafi þá mátt gera ráð fyrir því, að nokkur breyting hefði orðið á hinum eldra samningi að þessu leyti.

Af framanrituðu leiðir, að samkvæmt kjarasamningi aðilja gildir sú regla, að rafvirkjar, sem rétt eiga á mánaðar uppsagnarfresti, eiga kröfu til kaups fyrir 48 stunda vinnuviku, ef þeir mæta réttstundis til vinnu sinnar og fullnægja að öðru leyti starfsskyldum sínum, þó að frádregnum þeim helgidög-

um, sem greindir eru í 3. gr. sama samnings. Ber samkvæmt þessu að taka dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Félagsmönnum í Félagi löggiltra rafvirkjameistara er skylt að greiða þeim félagsmönnum í Félagi íslenzkra rafvirkja, sem hjá þeim vinna og rétt eiga á eins mánaðar uppsagnarfresti samkvæmt 12. gr. í núgildandi kjarasamningi nefndra aðilja, kaup fyrir 48 klukkustunda vinnuviku, ef rafvirkjar koma réttstundis til vinnu sinnar, þó þannig, að til frádráttar komi þeir helgidagar, sem tilgreindir eru í 3. gr. kjarasamningsins.

Málskostnaður fellur niður.

---

Föstudaginn 21. desember 1951.

Nr. 11/1951: **Alpýðusamband Íslands f. h.**  
**Sjómannafélags Reykjavíkur**  
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)  
 gegn  
**Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda**  
 (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

#### Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 12. sept. þ. á. af Alpýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings milli Sjómannafélags Reykjavíkur annars vegar og stefnda hins vegar, sem dagsettur er 6. nóvember f. á., skulu skipverjar á togurum fá 17% af heildarsöluverði fisks, þegar veitt er í ís til sölu á erlendum markaði, að frádragnum 20% af söluverðinu vegna